

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	23.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Vigfús Þór Hróbjartsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Alls eru skráð 3 frávik og ein athugasemd gerð. Frávikin snúa að eftirlitsmælingum og geymslu úrgangs sem óheimilt er að geyma á svæðinu. Athugasemdin varðar skráningar og innra eftirlit.

Almennt má segja um urðunarsvæðið að það er vel skipulagt og góður aðskilnaður er á efnishaugum. Urðunarframkvæmd var í lagi og lítil ummerki um fok á svæðinu.

Bæta þarf verklag við móttöku úrgangs til að koma í veg fyrir að inn á urðunarstaðinn komi úrgangur sem ekki er heimilt að geyma þar. Hugsanlega mun nýtt gámasvæði sem hefur verið skipulagt nálægt staðnum stuðla að því að úrgangur, sem ekki er heimilt að urða eða geyma á urðunarstaðnum, berist þangað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit hófst með fundi þar sem viðstaddur var Vigfús Þór Hróbjartsson byggingarfulltrúi Mýrdals og Skaftárhrepps. Farið var yfir helstu ákvæði starfsleyfis. Á árinu 2015 var tekið á móti 198 tonnum til urðunar skv. skýrslu um magn úrgangs. Neyðaráætlun og viðbragðsáætlun eru til staðar. Íslenska gámafélagið rekur urðunarstaðinn og sér um alla móttöku og skráningu úrgangs. Eftirlit með því sem kemur inn á staðinn er því í höndum Íslenska gámafélgasins.

Undanfarin ár hafa verið skráð frávik vegna umgengni og óreiðu á svæðinu og dæmi um geymslu á úrgangi sem ekki er heimilt að geyma á staðnum skv. starfsleyfi. Samþykkt var úrbótaáætlun frá sveitarfélaginu í maí á síðasta ári þar sem fram kemur að úrgangur sem ekki er heimilt að geyma verði fjarlægður, verklagsreglur um móttöku úrgangs verði yfirfarnar og unnið að því að bæta skipulag og aðskilnað á svæðinu. Nýr starfsmaður var ráðinn á síðasta ári til að sjá um staðinn. Þá stendur til að stækka gámasvæði rétt við staðinn sem ætti að stuðla að því að draga úr því úrgangur sem ekki er heimilt að geyma á urðunarstaðnum berist þangað.

Engar eftirlitsmælingar hafa verið gerðar síðustu 3 ár, en mæliniðurstöður bárust síðast árið 2013. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila munu mælingar fara fram fljótlega og niðurstöður verða sendar Umhverfisstofnun um leið og þær berast.

Farið var í skoðun á urðunarstaðnum í fylgd Vigfúsar Þórs Hróbjartssonar. Svæðið er afgirt og með læsanlegu hliði. Ágætis skipulag var á svæðinu. Brotajárnsaugur er töluvert stór en í honum voru m.a. raftæki og ökutæki sem ekki eiga heima í slíkum haug. Úr sér gegnin ökutæki og raftækjaúrgangur á að meðhöndla sérstaklega og ekki er heimild í starfsleyfi til að geyma slíkan úrgangur á staðnum. Timburhaugur var einnig töluverður og geymdur á afmörkuðu svæði. Kurlað timbur er m.a. notað í yfirlag á urðunarreinum. Þá voru á svæðinu þónokkur bíldekk, bæði í flutningsgámi og á jörðinni en geymsla slíks úrgangs er ekki heimil skv. starfsleyfi. Plast sem geymt var á svæðinu þegar síðasta eftirlit fór fram hafði verið fjarlæggt og var einn flutningsgámur fullur af plasti við útjaðar svæðisins.

Urðunarreinarnar voru allar birgðar með þekju efni og virtist skipulag urðunar vera með ágætum.

Ekki voru greinileg ummerki um fok á svæðinu.

Frávik frá

grein 5.2 um eftirlitsmælingar

Lýsing á frávikum

Engar mæliniðurstöður hafa borist síðan 2013. Nýjar mælingar voru gerðar 31. ágúst s.l. og hafa niðurstöður verið sendar til Umhverfisstofnunar.

grein 1.2 um geymslu úrgangs.

Eitthvað var af bílum og raftækjum í brotajárnsaug sem er á svæðinu en óheimilt er að taka við og geyma slíkan úrgangur skv. starfsleyfi. Bílar og raftæki eiga skv. lögum og reglugerðum að fara í sérstakan farveg og eiga ekki heima inni á urðunarstöðum.

grein 1.2 um geymslu úrgangs

Töluvert magn af hjólbörðum er geymdur innan urðunarsvæðis, bæði í haug og í stórum flutningsgámi. Óheimilt er skv. starfsleyfi að geyma annan úrgang á staðnum en timbur og brotajárn.

ATHUGASEMDIR

Upplýsingar um innra eftirlit skv. grein 5.1 í starfsleyfi eru ekki skráðar með reglubundnum hætti en upplýsingar um magn og tegundir úrgangs eru sendar til Umhverfisstofnunar árlega. Skila skal upplýsingum um allar skráningar skv. grein 5.1 árlega til stofnunarinnar.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.10.2016



Sigríður Kristjánsdóttir